

Nd. 164. Frumvarp til laga [142. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög 5 6. apríl 1966 og lög nr. 7 2. maí 1978.

Flm.: Ingólfur Guðnason, Ólafur P. Þórðarson.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist:

Þegar kosning er óhlutbundin er kjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli kjörstjórnar.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosningin hefur verið kærð, skal kjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og telst störfum hennar ekki lokið varðandi kosninguna, fyrr en svo hefur verið gert og yfirlýsing þar um innfærð í kjörbók og undirrituð af kjörstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stjórnarskráin, lög um kosningar til Alþingis svo og lög um sveitarstjórnarkosningar leggja mikla áherslu á leynd þá, sem skylt er að við sé höfð þegar um kosningar forseta, Alþingis, sveitarstjórna og sýslunefnda er að ræða.

Í 5. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis.“

Í 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, sem fjallar um utankjörstaðaatkvæðagreiðslu, er lögð rík áhersla á að leynd sé yfir kosningu.

Sams konar leynd skal vera um kosningu á kjörstað, sbr. 83. gr., 87. gr. og 88. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Í 1. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar er kveðið á um að lög um kosningar til Alþingis skuli gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda eftir því sem við eigi, með þeim frávikum sem sveitarstjórnarlög ákveða.

Í 11. gr. sömu laga er enn ítrekað að kosningin skuli vera leynileg.

15. gr. sveitarstjórnarlaga fjallar um kosningu sveitarstjórna. 1. málsgrein hljóðar svo: „Sveitarstjórnarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.“

IV. kafli sveitarstjórnarlaga fjallar um sýslufélög. Í þeim kafla er 95. gr. laganna, en 1. mgr. er svohljóðandi:

„Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.“

Eins og tilvitnaðar lagagreinar sýna, er mikil áhersla lögð á leynd kosninga þegar þær fara fram, og er sú leynd raunar einn af hornsteinum lýðræðisins.

Hin almenna regla um kosningar er sú að kosið er um einstaklinga eða framboðslista með merki (X) eða listabókstaf.

Í 11. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar svo og í sveitarstjórnarlögum, 15., 17. og 19. gr., er gert ráð fyrir óhlutbundnum kosningum til sveitarstjórna og sýslunefnda, sbr. 95. gr.

Reynslan hefur sýnt, að óhlutbundnar kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda hafa tíðkast víðs vegar um land, sérstaklega í fámennari sveitarfélögum, og má telja líklegt að svo verði enn um sinn.

Þegar óhlutbundnar kosningar eru viðhafðar rita kjósendur nöfn þeirra manna, sem þeir kjósa, eigin hendi á þar til gerða kjörseðla, brjóta þá saman og leggja í kjörkassa á venjulegan hátt.

Ekkert er í lögum um varðveislu notaðra kjörseðla að talningu lokinni eða eyðingu þeirra.

Óeðlilegt verður að teljast, þrátt fyrir hina miklu áherslu sem lög leggja á leynilegar kosningar fyrir kjördag (utankjörstaðakosning) og á kjördegi, að ekki séu ákvæði í lögum um þessa þætti, þ. e. varðveislu eða eyðingu notaðra kjörseðla að kosningum loknum.

Í lögum er ekkert sem hindrar að þeir, sem notaða kjörseðla hafa undir höndum að kosningum loknum, geti tekið þá til athugunar síðar.

Þar sem kjörseðlar þessir eru ritaðir eigin hendi með nöfnum og heimilisföngum þeirra sem viðkomandi kaus, sbr. 11. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar, og a. m. k. í hinum fámennari sveitarfélögum, þar sem menn gjörþekkja skrift flestra kjósenda í sveitarfélaginu, virðist sem sú leynd, sem stjórnarskráin og kosningalög gera ráð fyrir að við sé höfð þegar kosið er, sé upphafin að nokkru að kosningum loknum.

Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á vitneskju fenginni af atkvæðaseðlum, eftir að kosning hefur farið fram og kosningaúrslit ákveðin, enda ekkert sem mælir með að þessi gögn séu til, eftir að þeirra er ekki lengur þörf sem sönnunargagna við kosninguna sjálfa.